

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun:
<b>1</b>	<b>Landeigendafélag Reykjahlíðar II, III og IV, 7.12.2012</b>	
1.1	<p><u>Athugasemdir varðandi vinnulag:</u></p> <p>Lýst er vonbrigðum með verklag við gerð aðalskipulags 2011-2023. Tillagan hefur engin tengsl við áform landeigenda, og engu líkara en landnotkun á svæðinu eigi að þjóna hagsmunum og duttlungum annarra en landeigenda. Landeigendafélag var stofnað 2002 og er það réttur samráðsvettvangur til þess að skipulagsvinna við Reykjahlíðarland nái tilgangi sínum. Landeigendur hafa tvisvar gert athugasemdir við vinnulag sveitarstjórnar við gerð fyrra aðalskipulags án samráðs við þá.</p>	<p>Í aðalskipulaginu er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu öllu, sbr. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulagið tekur eðli málsins samkvæmt ekki til skipulags einstakra jarða. Vegna athugasemda um vinnulag skal tekið fram að sveitarfélagið hefur að öllu leyti fylgt ákvæðum skipulagslaga um málsmeðferð við vinnslu aðalskipulags. Í upphafi voru auglýstir og haldnir samráðsfundir með íbúum og hagsmunaaðilum í Skútustaðahreppi. Lýsing skipulagsáætlunarinnar var auglýst til kynningar í apríl 2011 og lá hún frammi á heimasíðu sveitarfélagsins og var auglýst í fréttabréfi og á fjölförnum stöðum. Almennur fundur um drög að aðalskipulagi var haldinn 26. október 2011. Þetta er eðlilegur og lögbundinn ferill við samráð og gerð skipulagsins. Ekki komu athugasemdir eða ábendingar við lýsinguna frá landeigendum Reykjahlíðar á þessu stigi. Ekki urðu sérstakar umræður um Reykjahlíðarland á kynningarfundinum. Nú hefur sveitarstjórn látið auglýsa tillögunna og var þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunna, sbr. 31. gr. skipulagslaga. Þannig gefst hagsmunaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum í kjölfar auglýsingar skipulagstillögunnar, svo sem landeigendur Reykjahlíðar II, III og IV, hafa nú gert.</p> <p>Sveitarstjórn myndi fagna því ef landeigendur myndu láta vinna deiliskipulag jarðarinnar.</p>
1.2	<p><u>Mótmæli almenns eðlis:</u></p> <p>Bent er á að „stefnumörkun ríkisstjórnar um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni“ hafi ekki stoð í lögum. Mótmælt er að beitt sé „hverfisvernd“ á svæði án vitundar og samráðs við landeigendur, sem gengur gegn meðalhófsreglu</p>	<p>Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um líffræðilega fjölbreytni á að vera rammi um stefnu og aðgerðir stjórnvalda vegna Samningsins um líffræðilega fjölbreytni sem umhverfisráðherra skrifaði undir á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro árið 1992. Stefnumörkunin felst í áherslu á verndun lífríkis á landi og ferskvatni, vörn gegn framandi tegundum, endurheimt</p>

Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun:
<p>stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Krafist er að öll tilvísun í hverfisnefnd í landi Reykjahlíðar, sem ekki er gerð í samráði við landeigendur verði felld út úr Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.</p> <p>Landeigendur hafa ekki samþykkt svokallaða verndaráætlun 2011-2016 og hafa mótmælt henni formlega og telja að hún hafi ekkert gildi fyrir þá jörð.</p> <p>Mótmælt er að „umhverfiverndarsjónarmið stjórnvalda“ séu lögð til grundvallar í gerð skipulags í Reykjahlíð. Sérstaklega er mótmælt sértækum og íþyngjandi ákvæðum varðandi Reykjahlíðarjörðina umfram aðrar jarðir í Skútustaðahreppi sem gangi gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1997.</p>	<p>líffræðilegrar fjölbreytni með meiru. Það er stefna sveitarfélagsins að aðalskipulagið sé í samræmi við sjónarmið um líffræðilega fjölbreytni.</p> <p>Skipulagslög gera ráð fyrir því að ákvæði um hverfisvernd séu sett í skipulagsáætlun sé talin þörf á að vernda „sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum“, sbr. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Samkvæmt grein 4.22.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, sem enn er í gildi, skal gera grein fyrir svæðum sem njóta eiga hverfisverndar í aðalskipulagi og þeim reglum sem gilda þar um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð. Þá skal gera grein fyrir því hvernig landnotkun fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig. Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um samkvæmt aðalskipulagi skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Í deiliskipulagi er landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni nánar útfærð í samræmi við reglur settar í svæðis- og aðalskipulagi.</p> <p>Hverfisvernd í Skútustaðahreppi tekur fyrst og fremst til náttúrufrýrbrigða sem njóta eiga verndar skv. ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Benda má á að í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að landnýting og fjölbreytt landnotkun sé heimil innan hverfisverndarsvæða svo fremi sem ekki er gengið á þau náttúrufrýrbrigði sem vernda á. Sveitarstjórn fellst ekki á að fella niður hverfisvernd í landi Reykjahlíðar, enda byggist hverfisvernd á svæðinu á lögmætum sjónarmiðum og er að mati sveitarfélagsins þörf á sérstakri vernd með hliðsjón af 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Með hverfisvernd setur sveitarfélagið ákvæði um verndun ákveðinna svæða, en formleg friðun er á hendi ríkisins.</p>

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun:
		Sveitarstjórn áréttar að lögmætt er að líta til umhverfisverndarsjónarmiða við gerð aðalskipulags, Þá er ekki ljóst hvað átt er við með „sértækum og íþyngjandi ákvæðum varðandi Reykjahlíðarjörðina umfram aðrar jarðir í Skútustaðahreppi“ sem vísað er til í athugasemdum. Sveitarstjórn telur aðalskipulagið ekki fela í sér meira íþyngjandi ákvæði fyrir Reykjahlíðarjörðina en sem nauðsyn krefur vegna þeirra lögmætu sjónarmiða sem skipulagið byggist á
1.3	<p><u>Mótmæli og athugasemdir einstakra efnisþátta:</u></p> <p>Sérstaklega en ekki eingöngu er eftirfarandi greinum mótmælt:</p> <p>2.3 Tengsl við aðrar áætlanir, mótmælt er „ markmið felld inn í verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016.</p>	<p>Gefur ekki tilefni til ályktunar.</p> <p>Tengsl verndaráætlunar Mývatns og Laxár við alþjóðasamninga er ekki viðfangsefni aðalskipulagsins þó þeirra sé getið í kafla 2.3</p>
1.4	<p>3.2 Landnotkun, mótmælt er þeirri stefnu að „<i>Landnotkun og (...) ekki verði skertir möguleikar til notkunar landsins til <u>búvöruframleiðslu</u> í framtíðinni.</i></p> <p>Mótmælt er þeirri stefnu að „<i>Á hálendinu skal einungis gera ráð fyrir (...) í eigu <u>opinberra aðila</u>“.</i> Ekkert gæti verið fjarri áætlunum eigenda landsins nema ef væri að setja landið inn í þjóðgarð.</p> <p>Mótmælt er þeirri stefnu að „<i>frístundabyggð verði takmörkuð við fá afmörkuð svæði</i>“.</p>	<p>Það markmið sveitarstjórnar að leitast við að tryggja að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt er lögmætt og í samræmi við meginmarkmið jarðalaga nr. 81/2004, sbr. 1. gr. laganna.</p> <p>Stefna sveitarstjórnar er að skálar á hálendinu verði í eigu opinberra aðila, <b>samtaka eða ferðaþjónustu- og útivistarfélaga</b>, sbr. kafla 3.2. Það fellur innan verksviðs sveitarfélagsins við þá stefnumótun sem felst í aðalskipulagi að taka afstöðu til þjónustu á hálendinu.</p> <p>Sveitarstjórn leggur áherslu á að frístundabyggð verði á þeim stöðum þar sem landfræðilegar aðstæður og staðhættir leyfa. Orðalag viðkomandi markmiðs verði: Frístundabyggð verði takmörkuð við afmörkuð svæði þar sem aðstæður og staðhættir leyfa.</p>
1.5	3.3 Byggðarþróun og byggðarmynstur	

Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun:
<p>Mótmælt er eftirfarandi stefnu:</p> <p>„<i>Vatnsmegin vegar umhverfis Mývatn <u>skal spornað</u> við frekari nýbyggingu (...)“</i></p> <p>„<i>byggðin í Reykjahlíð verði samfelld eftir því sem kostur er“</i></p> <p>„<i>bygging frístundahúsa verði í <u>takmörkuðum mæli heimil á lögbýlum/Bújörðum</u> (...)“</i></p> <p>„<i>bygging íbúðarhúsa án tengsla við búrekstur á núverandi lögbýlum verði í <u>takmörkuðu mæli</u> (...)“</i></p> <p>Landeigendur áskilja sér rétt til að taka sjálfir þær ákvarðanir sem lúta að uppbyggingu í Reykjahlíð í góðri samvinnu við viðkomandi yfirvöld.</p>	<p>Ákvæði sem vísað er til gerir ráð fyrir uppbyggingu sem tengist bæjar og húsabyrpingum sem fyrir eru vatnsmegin vegar. Ákvæði um takmörkun á annarri uppbyggingu vatnsmegin vegar byggist á almennum sjónarmiðum sem fram komu við samráð við íbúa og hagsmunaaðila í upphafi vinnu við aðalskipulagsgerðina og ákvæðum um verndarsvæði Mývatns og Laxár 2011-2016 sem var staðfest af umhverfisráðherra og tók gildi 14. maí 2011, sbr. 6. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.</p> <p>Tilgangurinn er að styrkja bæjarmynd byggðarinnar í þéttbýlinu í Reykjahlíð þannig að hún verði fallettri og áhugaverðari en nú er fyrir íbúa og gesti, en það er í samræmi við markmið aðalskipulags að gera grein fyrir slíkri stefnu.</p> <p>Ákvæði í kafla 4.12.2 heimilar að reist verði allt að þremur frístundahúsum á hverju lögbýli/bújörð án þess að breyta aðalskipulagi. Ákvæði í aðalskipulagi gefa ákveðið svigrúm til framkvæmda. Stærri frístundabyggðir eru heimilar þar sem aðstæður leyfa að breyttu aðalskipulagi.</p> <p>Ákvæði í kafla 4.12.3 heimilar að reist verði allt að þremur íbúðarhúsum til viðbótar auk íbúðarhúsa sem fyrir eru í árslok 2011 á hverju lögbýli/bújörð án þess að breyta aðalskipulagi.</p> <p>Að mati sveitarfélagsins ber að líta á ákvæði um frístunda- og íbúðarhús frekar sem svigrúm en takmörkun. Án skilgreinds svigrúm innan marka aðalskipulagsins yrðu allar nýbyggingar háðar breytingu á aðalskipulagi.</p> <p>Sveitarstjórn fagnar þeim fyrirætlunum landeigenda að skipuleggja landareign sína í góðri samvinnu við viðkomandi yfirvöld, en</p>

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun:
		áréttar að ekki megi aðhafast í andstöðu við gildandi skipulag.
1.6	3.5 Umhverfismál, mótmælt er þeirri stefnu að „skógræktaráætlanir verði í samræmi við svokallaða „verndaráætlun“	Verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016 var staðfest af umhverfisráðherra og tók gildi 14. maí 2011, sbr. 6. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.
1.7	4.3 Íbúðarsvæði (ÍB), mótmælt er þeim hugmyndum sem settar eru fram á mynd 4.2, 110-Íb, sem sagt er tilheyra Reykjahlíð I en er að hluta á lóð Reykjahlíðar IV. Bent er á þinglýst skjal dags. 10.11.1958 í Veðmálabók Þingeyjarsýslu Ltr.BI, nr. 188 um landskipti. Bent er á að landeigendur vinni að deiliskipulagi á sínum hlutum jarðarinnar í samræmi við landskipti sem hér er vísað til með vitund og samþykki sveitarstjórnar.  Mótmælt er eftirfarandi: Svæði 118-Íb austan Múlavegar „sem ætlað er til síðari nota“. Engin áform eru um að leggja það undir íbúðir og landeigendur hafa ekki tekið ákvörðun um nýtingu þess.  Að svæði vestan Þjóðveggar, norðan og sunnan Hótel Reykjahlíðar sé skilgreint sem „ <u>opið svæði</u> “ og landið sé <u>ekki</u> hugsað sem tjaldstæði að hálfu landeigenda.	Leiðrétt í töflu. Verður Reykjahlíð I og IV  Ekki er gert ráð fyrir íbúðabyggð austan Múlavegar í skipulagstillögunni.  Við gerð skipulagsins hefur hvorki komið til álita ný byggð vestan Þjóðveggar né nokkrar nýtingarhugmyndir frá landeigendum.
1,8	4.4 Svæði fyrir Þjónustustofnanir, mótmælt er þeirri hugmynd sem fram kom m.a. á mynd 4.2, varðandi „þjónustustofnanir“ upp með Hlíðarvegi að norðanverðu (106-S) svo og (122-S/V).	Skilgreining á svæðinu miðar að því að beina þjónustustarfsemi frá íbúðargötunum.
1.9	4.5 Miðsvæði. Bent er á að 108-M er ekki hluti af Reykjahlíð II heldur eingöngu Hótel Reykjahlíð.	Leiðrétt í töflu. Verður: Hótel Reykjahlíð.
1.10	4.7 Tafla 101-O. Svæðið er norðan Reykjahlíðar ekki Reynihlíðar	Leiðrétt í töflu. Verður: Norðan Reykjahlíðar
1.11	4.8 Tafla 111-O/V. Svæði „Bjarg“, „Lýsing“ tjaldstæði, hluti tilheyrir Reykjahlíð II/IV. Landeigendur hugsa þetta <u>ekki</u> sem tjaldstæði.	Frekari rökstuðning vantar. Sveitarstjórn fellst ekki á að breyta skipulaginu þar sem stefnt er því að núverandi starfsemi (tjaldstæði) verði áfram á svæðinu.

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun:
1.12	4.12.2 Frístundahús. Mótmælt er þeirri stefnu að „ <i>afmarka allt að þrjár lóðir fyrir stakstæð frístundahús á núverandi lögbýlum</i> “	Stefnan felur í sér ákveðið svigrúm til framkvæmda óháð aðalskipulagi. Sjá lið 1.5
1.13	4.12.4 Landskipti, uppbygging. Mótmælt að „ <i>ný íbúðarhús verði ekki sett á svæði sem áhugaverð eru til almennrar útivistar</i> “. Landeigendur telja það ekki sitt hlutverk að leggja til land til „ <i>almennrar útivistar</i> “. Þá mótmæla þeir skilgreiningum á „ <i>spildu</i> “ og „ <i>skíka</i> “, sem þeir telja að eigi ekki stöð í skipulagslögum nr. 123/2010	Þetta er einn af þeim þáttum sem sveitarstjórn telur rétt að líta til við mat og afgreiðslu umsókna um landskipti og fyrirhugaða uppbyggingu, enda er það meðal markmiða skipulagsins að almenningur geti notið útivistar innan sveitarfélagsins. „Spildur“ og „skíki“ eru ekki lögformleg heiti en eru notuð til einföldunar við skilgreiningu ákvæða og nýtingarhlutfalls misstórra landareigna.
1.14	4.12.5. Skógrækt. Mótmælt er notkun á orðinu „ <i>hverfisverndarsvæði</i> “	Vísað er til liðar1.2
1.15	4.13 Svæði fyrir frístundabyggð. Mótmælt er þeirri stefnu að (...) „ <i>allt getur ekki yfir alla gengið</i> “. Brotið gegn jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.  Mótmælt er stefnu um að „ <i>stærð frístundahúsaloða skal að jafnaði (...) til 2,0 ha</i> “. Landeigendur áskilja sér rétt til að haga þessu í samræmi við eigin hagsmuni.	Fallist er á að breyta orðalagi í 5. mgr. í kafla 4.13 sem verði: Val svæða fyrir frístundabyggð er mjög háð aðstæðum á jörðunum og vega þar þyngst sjónarmið náttúruverndar. Forsendur til að skipuleggja frístundabyggð eru mjög mismunandi í sveitarfélaginu.  Samkvæmt grein 4.11.2 í skipulagsreglugerð skal m.a. gera í aðalskipulagi grein fyrir staðsetningu og <b>stærð svæða</b> fyrir frístundabyggð, <b>þéttleika</b> og öðrum einkennum „eftir því sem þurfa þykir“. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir því að stærð svæða <b>skuli að jafnaði</b> vera á tilteknu bili. Þetta ákvæði útilokar því ekki ákveðin frávík í stærð lóða með deiliskipulagi.
1.16	5.1.2 Náttúruverndaráætlun. Mótmælt er eftirfarandi stefnu „ <i>miðað er við að suðurmörk þjóðgarðsins verði við línu sem dregin er frá Selfossi (...) í topp Eilífs</i> “. Landeigendur hafa <u>ekki</u> í hyggju að leggja land inn í þjóðgarð.	Hér er ekki um stefnu sveitarstjórnar að ræða, heldur Náttúruverndaráætlun samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir þeim atriðum sem gert er ráð fyrir í Náttúruverndaráætlun. Umrædd mörk þjóðgarðs eru ekki synd á aðalskipulagsupprætti en einungis á skýringarmynd 5.1.
1.17	5.1.7 Hverfisvernd. Mótmælt er því að „ <i>hverfisvernda</i> “ svæði án samráðs við landeigendur og setja inn „ <i>hverfisverndarsvæði</i> “ í tengslum við breytingar sem gerðar voru vegna iðnaðarsvæða í	Hverfisverndarsvæði við Bjarnarflag og í Kröflu eru færð inn í Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015 í tveimur breytingum sem staðfestar voru 31.08.2004 og 19.12.2005. Sömu



	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun:
	Kröflu og Bjarnarflagi. Brotið sé gegn meðalhófsreglu stjórnáskilulaga þar sem í gildandi aðalskipulagi Reykjahlíð Vogar 1996-2015 sé hvergi „hverfisvernd“ að finna og með því sé komið aftan að landeigendum og í óþökk þeirra séu settar íþyngjandi kvaðir á landnotkun.	hverfisverndarsvæði voru afmörkuð í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 staðfest 16. janúar 2008. Málsmeðferð, auglýsing og kynning var í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr.93/1997. Sjá einnig lið 1.2 <i>Hverfisnefnd</i> .
1.18	5.2.2 Fornleifaskrá. Vísað er til 458-B í töflu „Leið yfir Hafragjá (Bræðraklif)“ Þess er krafist að orðið „Bræðraklif“ verði fellt út þar sem landeigendur telja að Bræðraklif séu drangar sunnan í Bræðrafelli.	Umræddur liður er fenginn úr minjaskrá svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015. Í aðalskipulagi er ekki tekin afstaða til örnefnanotkunar en þessarar athugasemdar verður getið í neðanmálgrein.
1.19	7.1.1 Yfirlit. Mótmælt er þeirri nálgun að leggja til grundvallar tilfallandi og óljós „umhverfisverndarsjónarmið stjórnvalda“ (væntanlega núverandi stjórnvalda) í skipulagi til áratugar.	Umræddur liður er í samræmi við 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem fjallað er um umhverfisskýrslu, en samkvæmt e. lið skal í slíkri skýrslu koma fram: „ e) <i>Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar</i> “.
1.20	7.5.6 Samræmi stefnu. Mótmælt er að ósamþykkt áætlun, þ.e. af hálfu landeigenda, sé lögð til grundvallar í aðalskipulagi eins og fram kemur í; „(...) og styður við tillögu Umhverfisstofnunar að verndaráætlun (...)“	Verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016 var staðfest og tók gildi 14. maí 2011. Gera þarf breytingar á texta í kafla 7.6.5 hvað þetta varðar. Sveitarstjórn þakkar LR fyrir þessa ábendingu.
1.21	7.6 Skipulagskostir og áhrif. Mótmælt er þeirri fullyrðingu, mati og niðurstöðum sem settar eru fram þ.e. „ <i>Neikvætt</i> “ sem fram kemur í töflu um umhverfismat 4c varðandi „ <i>Íðnaðarsvæði vestan jarðbaðshóla</i> “ án þess að það sé stutt frekari gögnum.	Áhrifamatið byggir á kerfisbundu og samræmdu mati á umsóknum um breytingar á landnotkun, þar sem tekið er mið af mismunandi þáttum eins og fram kemur í töflunni. Þetta mat útilokar ekki aðra notkun í framtíðinni að breyttu aðalskipulagi.
1.22	Almennar athugasemdir og mótmæli landeigenda: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Talinn er skortur á samráði við LR ehf. við gerð aðalskipulags.</li> <li>• LR ehf. lýsir yfir vonbrigðum með það verklag sem viðhaft hefur verið. Ákvarðanir um nýtingu landsins hljóta að lokum að liggja hjá eigendum landsins og því mikil</li> </ul>	Almenn svör vegna athugasemda: <p>Hvað varðar athugasemdir um skort á samráði er áréttað að málsmeðferð sveitarfélagsins er að öllu leyti í samræmi við skipulagslög og hefur þeim sem hagsmuna eiga að gæta verið gefið færi á að koma athugasemdum og sjónarmiðum sínum á framfæri. Sveitarfélagið tekur undir að samráð sé mikilvægt og</p>

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun:
	<p>nauðsyn á góðu samstarfi milli landeigenda og opinberra aðila sem hafa skipulagsvaldið.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stefnumörkun landeigenda og sveitarstjórnar fara ekki saman.</li> <li>• Með aðalskipulaginu er farið inn á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.</li> <li>• Nái áform sveitarstjórnar fram að ganga eins og þau birtast í tillögum að aðalskipulagi er hér klárlega um eignaupptöku að ræða.</li> <li>• LR ehf. sættir sig engan veginn við þær skerðingar og kvaðir sem fram koma í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.</li> <li>• LR ehf. mun fyrir hönd landeigenda Reykjahlíðar standa fast á og verja eignarréttinn með þeim ráðum sem tiltæk eru og áskilur sér allan rétt til bóta.</li> <li>• Í auglýstri tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps eru ýmis atriði sem ekki eru, né verða samþykkt af LR ehf. í landi Reykjahlíðar</li> <li>• Markmið LR ehf. er að land Reykjahlíðar nýtist eigendum þess á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við náttúru, sem og alla góða vætti.</li> </ul>	<p>telur að málsmeðferð hafi verið hagað þannig að athugasemdum sé komið á framfæri, þær gaumgæfðar og tekið tillit til þeirra.</p> <p>Að mati sveitarfélagsins er með aðalskipulaginu ekki gengið lengra við skerðingu á eignarráðum en 72. gr. stjórnarskrárinnar heimilar. Viðurkennt hefur verið í réttarframkvæmd að unnt sé með skipulagslögum og skipulagi að setja eignarráðum almennar takmarkanir í því skyni að stuðla að þeim markmiðum sem skipulagslög stefna að (svo sem að stuðla að hagkvæmri nýtingu lands og gæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ónotkun), án þess að bótaskylda stofnist.</p> <p>Áréttað er að aðalskipulagstillagan miðast við þann lagaramma sem settur er um landnotkun og landnýtingu, sbr. meginmarkmið skipulagslaga. Þá eru í aðalskipulagi skilgreindir nýtingarmöguleikar þar sem engir eru fyrir, þ.e. landið má að óbreyttu einungis nýta til ræktunar og beitar (landbúnaðarland) auk þess sem stór hluti þess er afréttur. Hafi landeigandi aðrar hugmyndir getur hann sett fram tillögur um breytt skipulag eða breytta stefnu og býr þannig, í samvinnu við sveitarstjórn, hugsanlega til nýjar heimildir til landnýtingar.</p>



	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
<b>2</b>	<b>Landsnet. 10. desember 2012</b>	
2.1	Kafli 6.5.6. Geta þarf um Kröflulínu 2. Bæta við texta: <i>Kröflulína 2, 132 kV. liggur til austurs um Austaraselsheiði og yfir Jökulsá á Fjöllum sunnan við Ferjuás.</i>	Verður lagfært í greinargerð.
<b>3</b>	<b>Kristín Þuríður Sverrisdóttir ábúandi á Víðihlíð. 7. desember 2012</b>	
3.1	Mótmælir því að lögbýli sitt Víðihlíð sé skilgreint sem „ <i>miðsvæði</i> “. Búskap er EKKI lokið. Skipulagið kringum Víðihlíð er óásættanlegt.	Í aðalskipulagi felst mótun framtíðarstefnu um þróun byggðar í Reykjahlíð. Ákvæði aðalskipulags koma ekki í veg fyrir að núverandi starfsemi verði haldið áfram.
3.2	Gerir athugasemdir við staðsetningu á Bjarnarflagslínu 1 og Kröflulínu 4 og 5 ásamt staðsetningu reiðleiða og göngustíga á landareigninni.	Gert er ráð fyrir að Bjarnarflagslína 1 sé jarðstrengur sem lagður verði milli Kröflu og Bjarnarflagsvirkjunar. Kröflulína 4 og 5 eru samkvæmt staðfestu svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Megingönguleiðir eru sýndar meðfram Þjóðvegi 1 og Hlíðavegi. Aðrar gönguleiðir eru ekki sýndar í Reykjahlíð. Að öðru leyti er erfitt að átta sig á athugasemdum um reið- og gönguleiðir á viðkomandi landareign.
<b>4</b>	<b>Pétur Snæbjörnsson, f.h. Reynihlíðar hf., desember 2012</b>	
4.1	Reitur M-108 sem hefur landnúmer 153593 er sagður 0,5 ha í auglýstu aðalskipulagi. Raunstærð er 5.850 m <sup>2</sup> og óskar hann eftir leiðréttingu. Núverandi byggingarmagn er 544 m <sup>2</sup> og einungis hægt að byggja 626 m <sup>2</sup> til viðbótar. Óskað er eftir að nýtingarhlutfall verði aukið úr 0,2 í 0,8 og hámarkshæð heimiluð 3 hæðir eins og á öðrum reitum á svæðinu.	Flatarmál reitsins verður leiðrétt í 0.59 ha.  Mikil uppbygging á reitnum er andstæð meginmarkmiðum um að takmarka byggð vatnsmegin vegar. Ekki er fallist á áttföldun á byggingarmagni eins og sótt er um, en heimilaðar verði 3 hæðir til samræmis við núverandi byggingu.

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
4.2	Óskað er eftir að „kirkjuhóllinn“ sé ekki á hverfisverndarsvæði og/eða sérstök ákvæði í deiliskipulagi eða hverfisverndarákvæði heimili nýframkvæmdir með sérstöku samkomulagi við sveitarstjórnina.	Hér er um misskilning að ræða, Kirkjuhóllinn er ekki hverfisverndaður.
4.3	Misræmi er í reitum 109M og 110 Íb. í auglýstu aðalskipulagi og á teikningu (korti) frá Búgarði dags. 19.01.11 sem sýnir landskiptalínur (túnaskiptingu) í landi Reykjahlíðar. Óskað er eftir að samræma þetta í samvinnu við landeigendur.	Í aðalskipulagi felst mótun framtíðarstefnu um þróun byggðar í Reykjahlíð. Landnotkunarreitir taka ekki mið af eignarhaldi á landi.
<b>5</b>	<b>Ísavía, 1. desember 2012</b>	Viðbrögð
	Engar athugasemdir	
<b>6</b>	<b>Vegagerðin. 30. nóvember 2012</b>	Viðbrögð
6.1	Varðandi framtíðarhugmyndir að legu Hringvegur og annarra vega í nágrenni Mývatns og hugmynda að legu reið-, hjóla- og göngustíga ber að hafa samráð við Vegagerðina þegar og ef ráðist verður í framkvæmdir m.a. til að tryggja öryggi allra vegfarenda.	Almenn ákvæði um samráð við Vegagerðina verða sett inn í kafla 6.1 Samgöngur.
6.2	Náma 376-E Randir heitir í kerfi Vegagerðarinnar: Náma við Sandfell. Í lýsingu mætti koma fram að hún sé gömul og burðarlagsefni í stað burðarefni. Í töflu um efnistökusvæði er talað um klæðningarefni, en ætti að vera klæðingarefni.	Náma 376 E Randir er ný náma sem sem ekki hefur verið skilgreind áður í aðalskipulagi. Stefnt er að því að námu við Sandfell verði lokað. Verður leiðrétt í texta.
6.3	Dettifossvegur (Sveitarfélagsuppdráttur) er nr. 862 ekki F-862.  Við Jökulsá er sýndur „annar vegur“ frá Hringvegi (1) að Sæluhúsi. Vafi leikur á að hann sé akfær í dag. Meðfram Jökulsá sést víða í „aðra vegi“ en þar er um gamlan veg að ræða og sleppa mætti þessum bútum þar sem þeir falla nánast saman við núverandi Hringveg og gera kortið ruglingslegra.  Gera mætti muninn á tengivegum og öðrum vegum skýrari á uppdrætti.	Vegnúmer verður leiðrétt í texta.  Verður lagfært á uppdrætti. Gerður verður skýrari greinarmunur á vegslóðum á grunnkorti og skipulögðum vegum.  Verður lagfært á uppdrætti.
<b>7</b>	<b>Héðinn Sverrisson, Geiteyjarströnd. 7. desember 2012</b>	Viðbrögð

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
7.1	Mótmælt er þeirri stefnu að „frístundabyggð verði takmörkuð við fá afmörkuð svæði“	Ákvæði í kafla 4.12.2 heimilar að reist verði allt að þremur frístundahúsum á hverju lögbýli/bújörð án þess að breyta aðalskipulagi. Ákvæði í aðalskipulagi gefa ákveðið svigrúm til framkvæmda. Stærri frístundabyggðir eru heimilar þar sem aðstæður leyfa að breyttu aðalskipulagi.
7.2	3.3 Byggðarþróun og byggðarmynstur, mótmælt er þeirri stefnu að „Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingu [...] Slik takmörkun hefur gríðarleg áhrif á eignarland Geiteyjarstrandar þar sem stór hluti jarðarinnar er vestan megin þjóðveggar. Því er harðlega mótmælt að ekki sé tekið tillit til aðstæðna á hverju svæði enda liggur þjóðvegurinn mjög misjafnlega langt frá vatninu.	Ákvæði sem vísað er til gerir ráð fyrir uppbyggingu sem tengist bæjar og húsaþyrpingum sem fyrir eru vatnsmegin vegar. Ákvæði um takmörkun á annarri uppbyggingu vatnsmegin vegar byggist á almennum sjónarmiðum sem fram komu við samráði við íbúa og hagsmunaaðila í upphafi vinnu við aðalskipulagsgerðina og ákvæðum um verndarsvæði Mývatns og Laxár 2011-2016 sem var staðfest af umhverfisráðherra og tók gildi 14. maí 2011, sbr. 6. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.  Á aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir tveimur uppbyggingar-svæðum vatnsmegin vegar í landi Geiteyjarstrandar, svæði 352-OV og 372-Íb. Stór hluti svæðisins er innan marka verndarsvæðis Mývatns og Laxár og er auk þess eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.
7.3	4.12.2 Frístundahús, mótmælt er þeirri stefnu að [...] „afmarka allt að þrjár lóðir fyrir stakstæð frístundahús á núverandi lögbýlum“ [...].Athugasemd; landeigendur áskilja sér rétt til að ákveða um fjölda í þessu samhengi.  4.12.4 Landskipti, uppbygging, mótmælt er þeirri stefnu að „ný íbúðarhús verði ekki sett á svæði sem áhugaverð eru til almennrar útivistar“ Þessi setning er fullkomlega glórulaus þegar verið er að tala um einkajarðir.	Ákvæði í kafla 4.12.2 heimilar að reist verði allt að þremur frístundahúsum á hverju lögbýli/bújörð án þess að breyta aðalskipulagi. Ákvæði í aðalskipulagi gefa ákveðið svigrúm til framkvæmda. Stærri frístundabyggðir eru heimilar þar sem aðstæður leyfa að breyttu aðalskipulagi.  Þetta er einn af þeim þáttum sem sveitarstjórn telur rétt að líta til við mat og afgreiðslu umsókna um landskipti og fyrirhugaða uppbyggingu, enda er það meðal markmiða skipulagsins að almenningur geti notið útivistar innan sveitarfélagsins.
7.4	4.13. Svæði fyrir frístundabyggð, mótmælt er þeirri stefnu að [...] „að eitt getur ekki yfir alla gengið“, athugasemd; brotið er gegn	Fallist er á að breyta orðalagi í 5. mgr. í kafla 4.13 sem verði: Val svæða fyrir frístundabyggð er mjög háð aðstæðum á

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	<p>stjórnsýslulögum 1993 nr. 37 30. apríl 11. gr. „Jafnræðisreglu“ með geðþóttaákvörðun – að sjálfsögðu verður að taka ákveðið tillit til aðstæðna hverju sinni en það er ekki hægt annað en að líta til fordæma.</p> <p>Mótmælt er þeirri stefnu að “stærð frístundahúsalóða skal að jafnaði [...] til 2,0 ha“. Athugasemd; ekki verður séð að sveitarfélagið hafi lögvarða hagsmuni af því að ákveða hámarksstærð lóða, landeigendur áskilja sér rétt til að haga þessu í samræmi við eigin hagsmuni.</p>	<p>jörðunum og vega þar þyngst sjónarmið náttúruverndar. Forsendur til að skipuleggja frístundabyggð eru mjög mismunandi í sveitarfélaginu.</p> <p>Samkvæmt grein 4.11.2 í skipulagsreglugerð skal m.a. gera í aðalskipulagi grein fyrir staðsetningu og <b>stærð svæða</b> fyrir frístundabyggð, <b>þéttleika</b> og öðrum einkennum eftir því sem þurfa þykir. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir því að stærð svæða <b>skuli að jafnaði</b> vera á tilteknu bili. Þetta ákvæði útilokar því ekki ákveðin frávik í stærð lóða með nánari afmörkun í deiliskipulagi.</p>
7.5	7.1.1. Yfirlit, mótmælt er þeirri nálgun að leggja til grundvallar tilfallandi og óljós „umhverfisverndarsjónarmið <i>stjórnvalda</i> “, í skipulagi til áratugar.	Í 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 segir: „Í umhverfisskýrslu skal koma fram: e) <i>Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar</i> “.
7.6	7.5.6. Samræmi stefnu. Mótmælt er að ósamþykkt áætlun, þ.e. af hálfu landeigenda, sé lögð til grundvallar í aðalskipulagi eins og fram kemur í; „[...] og styður við tillögu Umhverfisstofnunar að verndaráætlun [...]“.	Verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016 var staðfest og tók gildi 14. maí 2011. Gera þarf breytingar á texta í kafla 7.6.5 hvað þetta varðar. Sveitarstjórn þakkar fyrir þessa ábendingu
7.7	Náttúruverndarsvæði: Því er mótmælt að neikvæð umsögn sé vegna náttúruverndarsvæða en það liggur ljóst fyrir að hvorug þessi frístundabyggð verður innan 200 metra frá vatnsverndarsvæði enda vandræðalaust að búa svo um.	Væntanlega er átt við matstöflu á bls. 98 í greinargerð. Miðað við mörk verndarsvæðisins eins og það er sýnt á uppdrætti er það rétt ábending að svæðið vatnsmegin vegar liggur utan þess. Við mat á umsóknum um svæði fyrir frístundahús var tekið tillit til fleiri þátta en verndarsvæðisins eins og fram kemur í matstöflum í kafla 7.6 og var heildarniðurstaðan neikvæð.
7.8	Byggðarmynstur, yfirbragð byggðar: Á grundvelli <u>jafnræðisreglunnar</u> skal bent á að sambærilegar byggðir hafa fengið jákvæða umsögn, sbr. Birkiland og fleiri. Því er mótmælt að sambærilegt land sé í tilfelli Geiteyjarstrandar flokkað með öðrum hætti. Hið sama á við um þáttinn “opið land, víðerni” en það liggur ljóst fyrir að skógur mun umlykja svæðið innan fárra ára og því mun byggðin falla mjög látlaust inn í umhverfi sitt.	Vegna nálægðar við þjóðveg og verndarsvæðið vega umhverfisáhrif af byggð í Geiteyjarströnd meira en víða annars staðar og hafa þessir þættir því meira vægi í áhrifamatinu. Þá er ekki fallist á að sú staðreynd að ákveðnar byggðir, svo sem Birkiland, hafi fengið jákvæða umsögn feli í sér nokkurs konar brot gegn jafnræðisreglunni eða jafnræðissjónarmiðum, enda ekki um sambærileg tilvik að ræða sbr. ofangreint.

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
7.9	<p>Fornminjar: Engin rök eru fyrir því að hafna byggingu frístundabyggðar vegna grjótgarða. Tekið er fram að neikvæð áhrif á þessar fornminjar eru engar en þeim verður ekki á nokkurn hátt raskað.</p> <p>Samræmi við stefnu sveitarstjórnar: Eins og áður hefur verið tekið fram er því harðlega mótmælt að slíkt sé stór áhrifaþáttur í skipulagi sem skal gilda á annan áratug! Eins og kemur augljóslega fram í flestum umsögnum, öðrum en þeirri í landi Geiteyarstandar, að samræmið er óljóst og stefna sveitarstjórnar að því er virðist háð geðþóttaákvörðun í hverju tilfelli fyrir sig. Því er mótmælt harðlega að fyrirhuguð frístundabyggð fái neikvæða umsögn á þessum forsendum. Útfærslan yrði alltaf þess eðlis að hún rímaði fullkomlega við aðra byggð í Mývatnssveit og hreint út sagt furðulegt að frístundabyggð þessi fái neikvæða umsögn í ljósi annarrar byggðar sem annað hvort er metin jákvæð eða „óviss áhrif“.</p>	<p>Neikvæð umsögn í matstöflu byggist á að skráðar fornminjar eru á svæðinu.</p> <p>Matstöflur eru notaðar til þess að fá yfirsýn yfir umsóknir um breytta eða nýja landnotkun og samræma umfjöllun um þær. Í töflunum kemur fram rökstuðningur sveitarstjórnar en margir þættir eru matskenndir og miðast við heildarmat frekar en einstaka þætti.</p>
7.10	<p>Við gerð skipulagsins er hvatt til þess að farið sé fram af hófi í skerðingu einkaeignaréttar og að jafnræðisreglan sé höfð að leiðarljósi. Að auki er hvatt til betra samráðs við landeigendur í frekari framvindu skipulagsins.</p>	<p>Aðalskipulagstillagan miðast við þann lagaramma sem settur er um landnotkun og landnýtingu, sbr. meginmarkmið skipulagslaga. Þá eru í aðalskipulagi skilgreindir nýtingarmöguleikar þar sem engir eru fyrir, þ.e. landið má að óbreyttu einungis nýta til ræktunar og beitar (landbúnaðarland) auk þess sem stór hluti þess er afréttur. Hafi landeigandi aðrar hugmyndir getur hann sett fram tillögur um breytt skipulag eða breytta stefnu og býr þannig, í samvinnu við sveitarstjórn, hugsanlega til nýjar heimildir til landnýtingar.</p> <p>Viðurkennt hefur verið í réttarframkvæmd að unnt sé með skipulagslögum og skipulagi að setja eignarráðum almennar takmarkanir í því skyni að stuðla að þeim markmiðum sem skipulagslög stefna að (svo sem að stuðla að hagkvæmri nýtingu lands og gæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og</p>

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
		<p>ofnotkun), án þess að bótakylða stofnist. Jafnframt hefur verið litið til jafnræðisreglunnar sem og jafnræðissjónarmiða við vinnslu tillögunnar.</p> <p>Hvað varðar athugasemd um samráð er áréttað að málsmeðferð sveitarfélagsins er að öllu leyti í samræmi við skipulagslög og hefur þeim sem hagsmuna eiga að gæta verið gefið færi á að koma athugasemdum og sjónarmiðum sínum á framfæri. Sveitarfélagið tekur undir að samráð sé mikilvægt og telur að málsmeðferð hafi verið hagað þannig.</p>
8	Skógrækt ríkisins. 6. desember 2012.	Viðbrögð
8.1	Í kafla 2.1.2. um náttúrufar á bls. 14 er fjallað um þá vá sem gróður- og landeyðing er í sveitarfélaginu. Skógrækt ríkisins tekur undir þetta og leggur til að leitað verði leiða til þess að nota skógrækt sem vistvæna og sjálfbæra aðferð við að binda sand og styrkja gróðurþekju á viðkvæmum uppblástursstöðum. Benda má á verkefni Hekluskóga á Suðurlandi sem hliðstæðu.	Þetta er góð ábending til þeirra sem fást við skógrækt og landgræðslu, en aðferðir við skógrækt og landgræðslu eru ekki viðfangsefni aðalskipulagsins.
8.2	<p>Í kafla 3.5. um umhverfismál á blaðsíðu 24 er fjallað um skógrækt í fjórum liðum (sjá tölusettt og með breyttu letri).</p> <p>1. <i>Skógræktaráætlanir verði í samræmi við verndaráætlun sbr. Lög um verndun Mývatns og Laxár.</i></p> <p>Skógrækt ríkisins vekur athygli á að um verndarsvæði Mývatns og Laxár gilda sérstök lög sem krefjast tilkynningar til mats á umhverfisáhrifum allra framkvæmda, sem snerta skógrækt á hinu eiginlega verndarsvæði. Á grannsvæðum, þ.e. vatnsverndarsvæðinu, eiga aðeins almennar reglur um skógrækt að gilda. Líklegt er að aukin skógrækt á vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár hafi jákvæð áhrif á vatnsvernd og vatnsgæði með því að draga úr skolun efna af yfirborði lands, en mest vatnsmengun á Íslandi á sér stað með yfirborðarennisli vatns af gróðurlitlu landi og sést það best á mórauðum lækjum í vætutíð.</p>	Texti greinargerðar, kafla 4.12.5 <i>Skógrækt</i> verður endurskoðaður með hliðsjón af ábendingunni.



	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
8.3	<p>2. Skógræktaráætlanir skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar.</p> <p>Skógrækt ríkisins leggur til að í staðinn komi: <i>Fyrirhugaðar framkvæmdir við skógrækt skulu kynntar sveitarstjórn áður en kostnaðarsöm áætlunargerð hefst.</i> Sveitarstjórn getur þá hafnað eða samþykkt þau áform sem uppi eru. Áætlanagerð í skógrækt er kostnaðarsamt ferli sem ástæðulaust er að vinna nema líkur séu á að áætlunin nýtist við framkvæmdir.</p>	<p>Í kafla 4.12.5 Skógrækt verði bætt við að ábendingu um að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir við skógrækt á frumstigi fyrir sveitarstjórn. Eftir sem áður þarf samþykki fyrir skógræktaráætluninni.</p>
8.4	<p>3. Þróaðar verði viðmiðunarreglur um skógrækt á landbúnaðarsvæðum.</p> <p>Skógrækt ríkisins er ekki ljóst hvað hér er átt við en vekur athygli á að skógrækt er yfirleitt ekki stunduð á ræktanlegu landi nema í þeim tilgangi að auka framleiðni hins ræktaða lands með skjólbeltum eða skjólskógum.</p>	<p>Þessar viðmiðunarreglur eru í kafla 4.12.5.</p>
8.5	<p>4. Í skógræktaráætlunum skal fyrst og fremst miða við innlendar trjátegundir. Það á sérstaklega við um verndarsvæði Mývatns og Laxár.</p> <p>Skógrækt ríkisins hefur áður í skipulagsferlinu vakið athygli á að ef til þess kæmi að stöðva þurfi varanlega og á sjálfbæran hátt uppblástur og landeyðingu við erfiðar aðstæður koma innfluttar trjátegundir til greina við ræktun skóga. Ekki verður séð hvaða hlutlægu rök mæli sérstaklega með notkun innlendra tegunda, enda eru umhverfisáhrif skógræktar mun síður háð uppruna trjánna en hvort land sé á annað borð skógi vaxið eða ekki. Þá felast umtalsverðir möguleikar fyrir bændur í að rækta skóg til timburnytja á sínum jörðum og á það við í Skútustaðahreppi ekki síður en víða annarsstaðar. Í þeim tilgangi eru allmargar innfluttar tegundir mun framleiðslumeiri og þar með mun líklegri til að skila</p>	<p>Kafla 4.12.5 Skógrækt verður endurskoðaður m.t.t. þessarar athugasemdar og athugasemdar UST sbr. lið 9.4</p>

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	arði en innlendar tegundir. Óþarft er að þessi möguleiki sé tekinn af bændum með skipulagsákvæði. Því er lagt til að þessi liður falli niður.	
8.6	Í kafla 4.12.5. á bls. 42–44 í greinargerð Aðalskipulagsins er fjallað um sérstaka vernd skóga í sveitarfélaginu. Þar segir m.a. „sérstaklega er lagt til að vernda tvö birkiskógasvæði í Skútustaðahreppi, annars vegar skógarleifar vestan í Sellandafjalli og hins vegar í Hlíðardal.“ Ekki er skýrt í greinargerðinni í hverju sú sérstaka vernd á að vera fölgín. Skógrækt ríkisins leggur til að auk þessara svæða verði vernd á skógarræmu suðaustan við Hverfjall, þ.e. Strandarholti, Seljahjallaskógi og skógarleifum norðan Bláfjalls. Strandarholt er óvenju hávaxin og beinvaxinn norðlenskur birkiskógur. Birkifræi úr Strandarholti hefur verið safnað og notað til plöntuframleiðslu í gróðrarstöðvum á Norðurlandi. Birki af Strandarholtskvæmi virðist henta sérstaklega vel skógrækt í Skútustaðahreppi.	Texti greinargerðar verður endurskoðaður  Öll skógarsvæðin sem nefnd eru nema Strandarholt og skógarleifar vestan í Sellandafjalli eru innan skilgreindra verndarsvæða. Sveitarstjórn samþykkir að stækka hverfisverndarsvæðið 354-Hv þannig að það tengist náttúruverndarsvæðum Hverfjalls og Dimmuborga. Skógurinn í Strandaholti verður þá innan hverfisverndarsvæðis.
<b>9</b>	<b>Umhverfisstofnun.</b> 7. desember 2012	
<b>9.1</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b> Í umfjöllun um tengsl ofangreindrar aðalskipulagstillögu við aðrar áætlanir er listi yfir lög og reglugerðir sem notuð eru sem viðmið við gerð tillögunnar. Að mati Umhverfisstofnunar ætti reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp að vera eitt af þeim viðmiðum. Einnig reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.	Verður fært inn í viðkomandi kafla
<b>9.2</b>	<b>Byggðapróun og byggðamynstur</b> Að mati Umhverfisstofnunar er jákvæður sá mikli metnaður er fram kemur í aðalskipulagstillögunni varðandi byggingalist og umhverfismótun, og markmið um að stefnt verði að fallettri og aðlaðandi byggð í Skútustaðahreppi er til fyrirmyndar.	Ekki verða ákvæði um byggingarefni í aðalskipulagi. Í því sambandi er vísað til byggingarreglugerðar en

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	Umhverfisstofnun bendir á að einnig er mikilvægt að byggingarefnanotkun sé umhverfisvæn og efnin umhverfsvottuð ef þess er kostur.	sveitarstjórn tekur undir ábendingu UST um að stefnt verði að umhverfisvænni og umhverfsvottaðri byggingarefnanotkun í sveitarfélaginu.
9.3	<b>Verslunar- og þjónustusvæði</b> Í ofangreindum kafla er listi yfir verslunar og þjónustuhús í sveitarfélaginu. Þar sem friðlýst svæði eru á listanum minnir Umhverfisstofnun á að leita þarf leyfis Umhverfisstofnunar ef framkvæma á, á friðlýstum svæðum. Að sama skapi þarf Umhverfisstofnun að sækja um framkvæmdaleyfi sveitarfélaga áður en farið er í framkvæmdir innan friðlýstra svæða.	Lögboðið ferli. Gefur ekki tilefni til athugasemda.
9.4	<b>Skógrækt</b> Í umfjöllun um skógrækt kemur fram að nýræktun skóga sem taka yfir 200 ha eða stærra svæði skal tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Síðan segir að sama gildi um nýræktun skóga á verndarsvæðum og ruðning á náttúrulegum birkiskógi. Umhverfisstofnun vill auk þess benda á að í lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu kemur fram að: „Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr.“Einnig segir í II kafla laganna: „Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem geta haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði sem um getur í 1. mgr. 2. gr.“Umhverfisstofnun bendir því á að þar af leiðandi þarf að leita leyfis Umhverfisstofnunar ef skógrækt er áætluð innan verndarsvæðis Mývatns. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skógrækt getur haft í för með sér mjög breytta landnotkun og að friðlýst svæði hafa mismunandi verndargildi. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Að auki skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem hætta er á að öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá sé	Kafli 4.12.5 <i>Skógrækt</i> verður endurskoðaður með tilliti til þessara athugasemda með tilvísun í lög nr. 97/2004 og nr. 44/1999 um náttúruvernd sem verður bætt við. Sjá einnig lið 8.5.

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	<p>spillt. Að mati stofnunarinnar getur skógrækt haft í för með sér skerðingu á verndargildi sumra svæða og skal því hafa ofangreint í huga þegar kemur að skógrækt innan friðlýstra svæða og á öðrum svæðum á náttúruvinnjaskrá, sem og á svæðum sem innihalda jarðmyndanir og vistkerfi er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um lög um náttúruvernd.</p> <p>Í umfjöllun um skógrækt kemur fram að óheimilt er að rækta erlendar tegundir í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli skv. 10. gr. reglugerð nr. 583/2000. Umhverfisstofnun bendir á að skv. sömu gr. er öll ræktun og dreifing erlendra plöntutegunda óheimil á friðlýstum svæðum og á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar.</p> <p>Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vernda upprunalegan birkiskóg í Skútustaðahreppi.</p>	
9.5	<p><b>Svæði fyrir frístundabyggð</b></p> <p>Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að frístundabyggð verði ekki skipulögð á svæðum þar sem eru náttúruvinnjar er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, eða á svæðum þar sem eru náttúruvinnjar á náttúruvinnjaskrá.</p>	<p>Hluti þéttbýlis í Skútustaðahreppi er á eldhrauni og í nágrenni við gerfigíga sem njóta sérstakrar verndar. Hluti byggðarinnar í sveitinni er einnig í nábýli við eldhraun. Ásókn hefur verið í að byggja frístundabyggð á eldhrauni.</p> <p>Stefna sveitarstjórnar er að ákvæði 37. gr laga nr. 44/1999 verði uppfyllt eins og kostur er.</p> <p>Í kafla 3.2 verði 4. punktur endurskoðaður á eftirfarandi hátt: Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og söguminnjar við nýtingu lands og landgæða. <b>Forðast skal röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.</b></p> <p>Eftirfarandi ákvæði verða í kafla 4.1.3. <b>Byggingarlist og mannvirkjagerð</b></p> <p>Þar sem mannvirki kunna að verða heimiluð á eldhrauni skal þess gætt að rask verði sem minnst og mannvirki aðlöguð sem</p>

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
		best að landslagi og hugað verði að afturkræfni framkvæmda.
<b>9.6</b>	<p><b>Efnisnámur</b>  Í umfjöllun um efnisnámur kemur eftirfarandi fram: „<i>Námurnar eru háðar framkvæmdaleyfum sveitarstjórnar og samráði við Umhverfisstofnun innan friðlanda.</i>“ Umhverfisstofnun bendir á ofangreind setning er röng og að leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda á friðlýstum svæðum og innan verndarsvæðis Mývatns og því þarf leyfisveitingu stofnunarinnar fyrir efnistöku en ekki aðeins samráð. Hins vegar þarf umsögn stofnunarinnar um námur sem eru á svæðum þar sem hætta er á að aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá verði fyrir raski skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.</p> <p>Náma nr. 366-E á lista yfir efnisnámur, er náma í Námaskarði. Umhverfisstofnun ítrekar það álit sem áður hefur komið fram í umsögnum stofnunarinnar að ganga þurfi frá þeirri námu þar sem af henni eru neikvæð sjónræn áhrif þar sem hún er staðsett. Stofnunin bendir á að ef ætlunin er að nota efni úr henni í Kísilveg þá sé vert að ljúka þeirri veglagningu og ganga frá námunni.</p>	<p>Kafli 4.14 verður leiðréttur með hliðsjón af athugasemdum UST.</p> <p>Efni í námu nr. 366-E er mjög hentugt sem bindiefni í yfirborð malarvega. Stefna sveitarstjórnar er þess vegna að nýta námuna á meðan malarvegir eru í sveitinni. Við endurnýjun á framkvæmdaleyfi verða sett sérstök ákvæði um umgengni og frágang meðan á vinnslutíma stendur.</p>
<b>9.7</b>	<p><b>Fráveita</b>  Í tillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 kemur fram að sveitarstjórn stefni að því að leggja fram fráveituáætlun til kynningar og samþykktar hjá Umhverfisstofnun fyrir árslok 2015. Einnig segir í aðalskipulagstillögunni að: „<i>Fráveitumál eru almennt í góðu lagi í hreppnum. Þó er eitthvað um gamlar rotþrær og án siturlagna og síubeða, og að úrbætur séu í eðlilegu ferli.</i>“ Umhverfisstofnun bendir á að árið 2004 voru sett lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, lög nr. 97/2004. Í ofangreindum lögum segir: „<i>Markmið laga þessara er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.</i>“ Einnig segir í</p>	<p>Upplýsingar um að ástand fráveitumála sé almennt í góðu lagi eru fengnar frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra eins og vísað er til í neðanmálgrein í greinargerð.</p> <p>Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þessarar ábendingar en hefur sett sér þau markmið að fráveituáætlun verði lögð fram fyrir árslok 2015. Ekki eru forsendur til að tímasetja einstaka framkvæmdaáfangi á þessu stigi þar sem vinna er ekki hafin við gerð fráveituáætlunar.</p>

Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
<p>4. gr. laganna að forðast skuli að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laganna, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.</p> <p>Samkvæmt 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu, skal skólp á vatnasvæði Mývatns hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.</p> <p>Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að fullyrða að fráveitumál séu almennt í góðu lagi í hreppnum fyrir en viðurkenndar rotþrær með siturlögn eru komnar við hvert hús í sveitarfélaginu og að auki verði komin á ítarlegri hreinsun en 2ja þrepa á vatnasviði svæðisins í samræmi við reglugerð 665/2012. Umhverfisstofnun bendir á að um Mývatnssveit fer mikill fjöldi ferðamanna sem getur haft í för með sér gríðarlega mikið álag á vistfræðilegt þol vatnasvæðisins ef fráveitumál eru ekki fullnægjandi. Að mati Umhverfisstofnunar er mjög mikilvægt að tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.</p> <p>Að mati Umhverfisstofnunar ætti sveitarfélagið Skútustaðahreppur að setja sér tímasett markmið um að öll fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við reglugerðir nr. 798/99 um fráveitu og skólp og 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður- Pingeyjarsýslu. Leiðin að markmiðinu gæti verið vörðuð, t.d. hvenær helmingur fráveitu sveitarfélagsins komi til með að uppfylla reglugerð nr. 798/1999 og reglugerð 665/2012, hvenær 75% fráveitu sveitarfélagsins komi til með að uppfylla reglugerðirnar o.s.frv. Að mati Umhverfisstofnunar ættu þessi tímasettu, vörðuðu markmið að vera í tillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.</p> <p>Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 36/2011 um stjórnun vatnamála eru tímamörk um hvenær staðfesta eigi fyrstu vatnaáætlunina. Samkvæmt flýtiáætlun Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, sem ákveðið hefur verið að</p>	<p>Gefur ekki tilefni til ályktunar á þessu stigi. Ákvæði aðalskipulags verða yfirfarin og endurmetin með hliðsjón af aðgerðaráætlun þegar hún liggur fyrir.</p>



	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	<p>fylgja til að vera í samræmi við aðrar Evrópuþjóðir í innleiðingu vatnatilskipunar, eiga að vera komin drög að aðgerðaáætlun í lok árs 2014. Samkvæmt 21.gr. laga nr. 36/2011 skal aðgerðaáætlun m.a. taka til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin</p>	
<b>10.0</b>	<b>Landgræðsla ríkisins. 10. desember 2012</b>	Viðbrögð
10.1	<p>Enda þótt í mörgu sé tekið á umhverfismálum í tillögunni sem hér um ræðir, telur Landgræðslan með öllu ófært að í sveitarfélagi þar sem ástand lands er með þeim hætti sem að framan er lýst, skuli landgræðslu og endurheimt gróðurs í engu getið. Ekki síst vegna þess að bæði sveitarfélagið og fjölmargir bændur og aðrir íbúar, hafa um langt árabil stundað landgræðslu og stór svæði í sveitarfélaginu hafa verið grædd upp eða unnið er að uppgræðslu. Má í því sambandi nefna að nú eru 17 bændur í Skútustaðahreppi þátttakendur í uppgræðsluverkefninu Bændur græða landið og reikna má með að þeir vinni nú að uppgræðslu á um 250-300 ha á jörðum sínum. Þá er unnið að uppgræðslu lands í fjórum verkefnum sem styrkt eru af Landbótasjóði Landgræðslunnar. Í þessum verkefnum er unnið að uppgræðslu rofabarða og örfoka lands, en gera má ráð fyrir að nú sé í þessum verkefnum unnið á a.m.k 1.000 ha lands. Landgræðslan hefur auk þess unnið að uppgræðslu lands í sveitarfélaginu og sl. sumar var unnið á um 7-800 ha.</p> <p>Einmitt í ljósi þess vekur það undrun að í þeirri stefnumörkun sem í gerð aðalskipulags felst, skuli enga skýra stefnumörkun um verndun gróðurs og jarðvegs að finna. Landgræðslan hvetur því sveitarfélagið eindregið til að bæta úr þessu og setja inn í aðalskiplagstillögunna, t.d.sem nýjan kafla 4.12.6 kafla um landgræðslu.</p>	Sjá 10.5.
10.2	<p>Ef vikið er að einstökum liðum tillögunnar, kemur fram í kafla 3.2 um landnotkun, bls. 21, 5. lið, að stefnt sé að því að gott landbúnaðarland verði áfram notað til búvöruframleiðslu. Landnotkun og breytingar á henni skuli fyrst og fremst miðast við</p>	

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	<p>að ekki verði skertir möguleikar til notkunar landsins til búvöruframleiðslu í framtíðinni. Landgræðslan telur æskilegt að við þennan lið bætist eftirfarandi: „Stefnt skal að því að rýrt land, auðnir og orfoka land verði friðað fyrir sauðfjárbætur og grætt upp. Landeigendur eru því hvattir til að gera landnýtingaráætlanir fyrir jarðir sínar til að tryggja sjálfbæra landnotkun og landnýtingu í samræmi við stefnumörkun í aðalskipulaginu. Skömmu síðar á bls. 22 í 7. lið segir að „Stefnt er að því að búfjárhald færist alfarið úr þéttbýlinu í Reykjahlíð og sauðfjárbætur í sveitarfélaginu verði í lokuðum beitarhólfum“. Landgræðslan fagnar þessu ákvæði en leggur jafnframt til að við setninguna bætist „...þar sem sjálfbær landnýting er höfð að leiðarljósi“.</p>	<p>Lagt er til að eftirfarandi bætist við í kafla 3.2.: (Ný stefnumótun)</p> <p>Stefnt skal að því að rýrt og orfoka land verði friðað fyrir búfjárbætur og grætt upp.</p> <p>Lagt er til að liður 7 verði: Stefnt er að því að búfjárhald færist alfarið úr þéttbýlinu í Reykjahlíð og sauðfjárbætur í sveitarfélaginu verði í lokuðum beitarhólfum, <b>þar sem sjálfbær landnýting er höfð að leiðarljósi</b>“.</p>
10.3	<p>Í kafla 3.5 a bls. 23 um umhverfismál er m.a. rætt um, að tekið skuli mið af sjónarmiðum um sjálfbæra þróun samfélags og byggðar og stefnt að því að búseta og náttúruvernd verði í sátt og með „sjálfbæra þróun að leiðarljósi“. Landgræðslan tekur undir þessi atriði, en telur að eðlilegt sé, miðað við þann jákvæða blæ sem á þessum kafla er, að einnig sé kveðið á um sjálfbæra nýtingu lands. Landgræðslan leggur því til nýjan lið í þessum kafla, t.d. á undan kaflanum um efnistökusvæði, er hljóði svo: „Við alla landnýtingu, þ.á.m. beit, skal taka mið af sjónarmiðum um sjálfbæra landnýtingu“.</p>	Sjá lið 10.2.
10.4	<p>Í kafla 4.12.5 er kafli um skógrækt og er það vel. Hins vegar telur Landgræðslan eðlilegt að í stefnumörkunarskjali eins og aðalskipulag er sé einnig sérstakur kafli um landgræðslu, enda hefur landnýting, verndun gróðurs og jarðvegs og endurheimt vistkerfa skipað stóran sess í Skútustaðahreppi í áratugi. Landgræðslan leggur því til að inn í aðalskipulagið komi nýr kafli, 4.12.6 sem fjalli um landgræðslu. Landgræðslan leggur fram eftirfarandi tillögu að texta:</p>	Sjá lið 10.5.
10.5	4.12.6 Landgræðsla.	

Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
<p><i>Landgræðsla hefur um áraraðir verið stunduð í Skútustaðahreppi. Landgræðsla ríkisins hefur víða heft sandfok með sandgræðslu og grætt upp örfoka land og telja má öruggt að ef ekki hefði tekist t.d. að hefta sandfok inn í Dimmuborgir, hefði þessi náttúrperla farið undir sand. Bændur hafa um langan aldur unnið að uppgræðslu í heimalöndum sínum með uppgræðslu mela og einstaklingar og félagasamtök hafa einnig stundað landgræðslu víða í sveitarfélaginu, t.d. á Hólasandi. Landgræðslan hefur þannig haft mikilvæg áhrif á gróður og mannlíf í sveitarfélaginu, en innan þess eru þó enn víðáttumikil svæði sem teljast örfoka og verkefni virðast óþrjótandi.</i></p> <p><i>Í ritinu jarðvegsrof á Íslandi sem Landgræðsla ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins gáfu út árið 1997 kemur fram að auðnir þar sem mikið rof á sér stað þekja um 78% alls lands í sveitarfélaginu. Byggð og gróðurlendi þekja um 19% og afgirt land um 3%. Um fjórðungur þess lands sem flokkað er sem „byggð og gróðurlendi“ er þó flokkað sem auðnir, þannig að yfir 80% alls lands í sveitarfélaginu eru taldar auðnir.</i></p> <p><i>Landgræðslan telur að neðan 500 metra hæðarlínu séu í sveitarfélaginu 26 skilgreind svæði samtals um 27 þús. ha þar sem jarðvegsrof er alvarlegt og brýnt að bregðast við með aðgerðum. Þá eru nokkur víðfeðm svæði þar sem rof er virkt, en ekki eins brýnt að grípa til aðgerða, þó það sé vissulega æskilegt. Enginn vafi getur því verið á að jarðvegsrof er víða í sveitarfélaginu þó þar sé vissulega einnig vel gróin svæði sem henta til beitar. Með landgræðslu fæst margvíslegur ávinningur. Jarðvegsrof er stöðvað og þannig komið í veg fyrir frekari skemmdir á gróðri og eyðingu jarðvegs. Með endurheimt vistkerfa kemst betra lag á vatnsbúskap landsins og með betri vatnsbúskap endurskapast ekki aðeins lífsskilyrði fyrir gróðurinn, heldur einnig annað líf s.s. fiska, fugla, skordýr o.fl. Þá bindur landgræðsla</i></p>	<p>Þessar upplýsingar eru fræðandi og áhugaverðar en eru ekki viðfangsefni aðalskipulagsins. Fallist er á nýjan kafla um landgræðslu þar sem gerð verður nánari grein fyrir ákvæðum um landgræðslu í aðalskipulagi.</p> <p>Nýr kafla 4.12.6 Landgræðsla.</p> <p>Í ritinu jarðvegsrof á Íslandi sem Landgræðsla ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins gáfu út árið 1997 kemur fram að auðnir þar sem mikið rof á sér stað þekja um 78% alls lands í sveitarfélaginu. Byggð og gróðurlendi þekja um 19% og afgirt land um 3%. Um fjórðungur þess lands sem flokkað er sem „byggð og gróðurlendi“ er þó flokkað sem auðnir, þannig að yfir 80% alls lands í sveitarfélaginu eru taldar auðnir.</p> <p>Landgræðslan telur að neðan 500 metra hæðarlínu séu í sveitarfélaginu 26 skilgreind svæði samtals um 27 þús. ha þar sem jarðvegsrof er alvarlegt og brýnt að bregðast við með aðgerðum. Þá eru nokkur víðfeðm svæði þar sem rof er virkt, en ekki eins brýnt að grípa til aðgerða, þó það sé vissulega æskilegt.</p> <p>Markmið með landgræðslu er að endurheimta landgæði á landbúnaðarsvæðum. Æskilegt er að í landbúnaði sé viðhöfð beitarstýring sem tryggi sjálfbæra nýtingu lands þannig að búfjárbætt taki mið af beitarþoli og ástandi lands.</p> <p>Landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð á aðalskipulagsupprætti. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til þess að skilgreina ný landgræðslusvæði svo fremi sem afmörkun þeirra hefur ekki neikvæð áhrif á náttúruvernd, minjavernd, söguminjar eða aðra skilgreinda hagsmuni. Landgræðsla er heimil hvarvetna sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu. Uppgræðsluáðferðir skulu</p>

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	<p><i>kolefni í jarðveginum og vinnur þannig gegn gróðurhúsaáhrifum.</i></p> <p><i>Árið 2012 tóku 17 bændur þátt í verkefninu Bændur græða landið og reikna má með að þeir hafi unnið að uppgræðslu á um 250-300 ha það ár, en gera má ráð fyrir að bændur hafi grætt upp í BGL-verkefninu a.m.k. 1.100 ha. Þá hafa bændur í Skútustaðahreppi tekið þátt í uppgræðsluverkefnum með styrk Landbótasjóðs Landgræðslunnar og einnig eru önnur verkefni sem Landgræðslan stendur að. Það má því gera ráð fyrir að árið 2012 hafi verið unnið að uppgræðslu lands sem nemur a.m.k. 2.000 ha.</i></p> <p><i>Skútustaðahreppur hefur tekið þátt í landgræðsluverkefnum, bæði með fjárframlögum og beinni þátttöku í einstökum verkefnum. Megin hluti landgræðsluáðgerða á sl. 70 árum hefur þó verið kostaður af Landgræðslu ríkisins, en einnig hafa einstaklingar, samtök þeirra og ýmis fyrirtæki komið að verkefnum.</i></p> <p><i>Stefna Skútustaðahrepps í landgræðsluverkefnum er:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>• Stefnt verði að frekari þátttöku bænda og annarra landeigenda í verkefninu Bændur græða landið og öðrum landgræðsluverkefnum.</i></li> <li><i>• Stefnt skal að uppgræðslu svæða í samstarfi við Landgræðslu ríkisins þar sem alvarlegt rof og gróður- og jarðvegseyðing á sér stað.</i></li> <li><i>• Stefnt skal að því að rýrt gróðurlendi, auðnir og örfoka land verði friðað fyrir beit.</i></li> </ul>	<p>m.a. taka mið af alþjóðlegum samningum sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að fara eftir. Þetta eru m.a. samningur um fjölbreytileik náttúrunnar (líffræðilega fjölbreytni), rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun en meta verður hvaða leiðir eru taldar hentugastar í hverju tilviki fyrir sig. Haft skal samráð við Umhverfisstofnun um fyrirkomulag landgræðslu á náttúruverndarsvæðum og heilbrigðiseftirlit um uppgræðslu-aðferðir á vatnsverndarsvæðum. Afmörkun landgræðslusvæða getur verið tímabundin uns settum markmiðum verður náð og landið þá tekið til annarra nota, t.d. til landbúnaðar eða útivistar án sérákvæða eða takmarkana.</p> <p>Gerð er tillaga um ný markmið í kafla 3.5 <i>Umhverfismál.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>• Stefnt skal að uppgræðslu svæða í samstarfi við bændur, landeigendur og Landgræðslu ríkisins þar sem alvarlegt rof og gróður- og jarðvegseyðing á sér stað.</i></li> <li><i>• Stefnt skal að því að rýrt gróðurlendi, auðnir og örfoka land verði friðað fyrir beit.</i></li> </ul>
10.6	<p>Kafli 4.14 Efnistökusvæði. „Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki áнна“. Landgræðslan telur mikilvægt að öll efnistaka úr árfarvegum sé háð framkvæmdaleyfi. Efnistaka úr árfarvegum getur m.a. haft áhrif á landbrot bæði ofan og neðan efnistökuastaðar. Landgræðslan leggur til að bætt verði inn í texta „.....og valdi ekki landbroti“</p>	<p>Verður bætt við í greinargerð.</p>
11	<p>Sigfús Illugason, Bjargi Mývatnssveit. 06.12.2012</p>	

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
11.1	Bent er á að enginn búskapur sé í „þéttbýlinu“ í Reykjahlíð og mótmælt er að aðstaða fyrir búfjárhald verði skert enn frekar á bújörðum/lögbýlum í Reykjahlíð.	Aðalskipulag er stefnumótun til langs tíma. Stefnan felur ekki í sér skilyrðislausu eða tímasetta breytingu á núverandi landnotkun.
11.2	Því er mótmælt að sauðfé verði haft í lokuðum hólfum	Um er að ræða mikilvægt öryggismál auk hagræðingar við búfjárhald. Sjá einnig nýjan kafla um landgræðslu sbr. liður 10.5.
11.3	<i>Grein 4.13.2 Skálar.</i> Rauðuborgarkofi 510- F á að vera Rauðuborgakofi.	Verður leiðrétt í greinargerð
11.4	<i>Grein 4.14 Efnistökusvæði.</i> Talað er um námu í notkun í Sandabotnum, þar er engin náma, en hins vegar er náma í Sandabotnaskarði.	Sandabotnaskarð, verður leiðrétt í greinargerð.
11.5	<i>Grein 4.14 Efnistökusvæði.</i> Náma 376 Randir er á Jörundargrjótum (neðst)	Syðst í Jörundargrjótum, verður leiðrétt í greinargerð.
11.6	<i>Grein 5.1.7. Myndir 5.4, 5.5, og 7.3.</i> Í texta Hverir, Hverarönd á að aðeins að standa Hverir.	Verður leiðrétt í greinargerð
11.7	<i>Grein 5.2.2.</i> Fornleifaskrá í Reykjahlíð er mjög óvönduð og vantar marga staði í hana.  Bent er á að Bræðraklif í Hafragjá er ekki til sem örnefni.	Í aðalskipulagi er vísað í <i>Merkar fornleifar í Skútustaðahreppi</i> . Samantekt vegna aðalskipulags, sem Fornleifastofnun Íslands vann 2009. Fyrir liggur mun ítarlegri fornleifaskráning í Skútustaðahreppi sem unnin var af FÍ 1996-2000. Ekki er ástæða til að telja upp allar skráðar fornminjar í aðalskipulagi.  Örnefnið Bræðraklif er fengið úr minjaskrá Svæðisskipulags miðhálandisins 2015. Athugasemdar verður getið í neðanmálgrein.
11.8	<i>Grein 6.1.2 Hugmyndir um breytt vegakerfi.</i> Mótmælt er þessari hugmynd og hún talin fráleit.	Hugmyndirnar eru ekki stefna sveitarstjórnar á þessu stigi en eru viðraðar til þess að fá fram viðbrögð og skoðanir.
11.9	<i>Grein 6.1.3 Hjólreiðastígar.</i> Hjólreiðastígar eftir gamla þjóðveginum frá Reykjahlíð inn með Eldhrauninu að Faganeshólum er að mestu leyti inni í beitahólfi/beitarhólfum og er þessum áformum um hjólreiðar mótmælt harðlega.	Sveitarstjórn leggur áherslu á örugga hjóla- og gönguleið umhverfis Mývatn og í þeim tilgangi verði notaðir gamlir vegslóðar þar sem þess er kostur. Útfærsla á hliðum á þeirri leið er ekki viðfangsefni aðalskipulagsins.
11.10	<i>Grein 6.1.3 Reiðleiðir.</i> Mótmælt er reiðleið frá Grímsstöðum í Reykjahlíð eftir gamla veginum og bent á að hægt sé að fara með þjóðveginum þarna eins og frá Arnarvatni og út í Grímsstaði. Varla er hægt að tala um „reiðleiðina umhverfis Mývatn þegar	Leitast er við að leggja reiðleiðir fjarri þjóðvegum þar sem þess er kostur, ekki síst vegna öryggismála. Sjá einnig lið 11.9.  Reiðleiðakerfi aðalskipulagsins er í meginatriðum óbreytt frá

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	farið er austan við Hverfell, austan við Námafjall og út hjá Dalborg! Nær væri að fara austan Hverfells, út vestan við Beinahrygg, vestan við Námafjall og út í Bjarnarflag.	fyrra aðalskipulagi.  Sveitarstjórn áformar heildarendurskoðun á reiðleiðum í sveitarfélaginu.
11.11	<i>Grein 6.5.6 Flutningslínur raforku.</i> Mótmæt er harðlega nýjum raflínnum (loftlínnum?) og talið að leggja eigi allt í jörðu.	Í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 og gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að flutningslínur raforku verði loftlínur að frátöldum jarðstreng frá Bjarnarflagsvirkjun að Kröflustöð.  Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið bréfitara að því marki að æskilegt væri að flutningslínur í nágrenni við byggð og mikilvæga ferðamannastaði verði lagðar í jörðu. Ekki er tilefni til að setja nánari skilyrði í aðalskipulag að þessu sinni.
12	Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar.	
12.1	Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna að öðru leyti en því að benda á að sveitarfélagamörk Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps í Gjástykki við Gæsafjöll eru í dómsmeðferð.	Nákvæm sveitarfélagsmörk í Gjástykki hafa ekki efnisleg áhrif á aðalskipulagið. Skipulagsuppdráttur verður uppfærður ef niðurstaða dómsmeðferðar gefur tilefni til.
13	Jón Illugason, Helluhrauni 15, Mývatnssveit. 7. desember 2012	
13.1	Gerðar eru athugasemdir við meðferð allmargra örnefna í landi Reykjahlíðar þar sem ýmist er rangt farið með eða þau ranglega staðsett á uppdráttum.	Bréfitara er gefinn frestur til 17. janúar 2013 til að koma á framfæri leiðréttingum á örnefnum sem hann telur ekki rétt farið með.
13.2	Bréfitari er ósammála sumum hugmyndum sem fram koma í skipulagstillögunni og áskilur sér rétt að koma frekari athugasemdum á framfæri síðar, ef tilefni gefst til.	Tillaga að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdarfresti lauk 7. desember 2012. Athugasemdir sem berast síðar verða ekki teknar til umfjöllunar.
14	Ólafur H. Jónsson, f.h. LR ehf. (Landeigendur Reykjahlíðar ehf.) 7. desember 2012.	
14.1	Lýst er vonbrigðum með að ekkert samráð hafi verið haft við LR ehf. við gerð aðalskipulagsins. Stefnumörkun og markmið Skútustaðahrepps á allmörgum sviðum fari ekki saman við áform LR ehf. Ákvarðanir um nýtingu landsins hljóta að lokum að liggja	Í aðalskipulaginu er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu öllu, sbr. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulagið tekur eðli málsins



	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	hjá eigendum landsins og því mikil nauðsyn á góðu samstarfi milli landeigenda og opinberra aðila sem hafa skipulagsvaldið.	samkvæmt ekki til skipulags einstakra jarða. Sveitarfélagið hefur að öllu leyti fylgt ákvæðum skipulagslaga um málsmeðferð við vinnslu aðalskipulags. Í upphafi voru auglýstir og haldnir samráðsfundir með íbúum og hagsmunaaðilum í Skútustaðahreppi. Lýsing skipulagsáætlunarinnar var auglýst til kynningar í apríl 2011 og lá hún frammi á heimasíðu sveitarfélagsins og var auglýst í fréttabréfi og á fjölförnum stöðum. Almennur fundur um drög að aðalskipulagi var haldinn 26. október 2011. Þetta er eðlilegur og lögbundinn ferill við samráð og gerð skipulagsins. Ekki komu athugasemdir eða ábendingar við lýsinguna frá landeigendum Reykjahlíðar á þessu stigi. Ekki urðu sérstakar umræður um Reykjahlíðarland á kynningarfundinum. Nú hefur sveitarstjórn látið auglýsa tillöggunna og var þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, sbr. 31. gr. skipulagslaga. Þannig gefst hagsmunaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum í kjölfar auglýsingar skipulagstillögunnar, svo sem Landeigendur Reykjahlíðar ehf. hafa nú gert.
14.2	LR ehf. hefur unnið síðastliðið ár að gerð landnýtingaráætlun fyrir Reykjahlíðarland. Sú vinna er nú enn í fullum gangi. Landeigendur eru að mynda sér hugmyndir um það hvernig landgæði lands þeirra nýtist sem best.	Skipulagsnefnd fagnar áformum landeigenda um landnýtingaráætlun. Slík áætlun getur orðið forsenda fyrir skipulagsákvæði og landnotkun í aðalskipulagi.
14,3	Eftirfarandi atriði verða ekki samþykkt af LR ehf. í landi Reykjahlíðar: <ul style="list-style-type: none"> <li>• hverfisvernd í óskiptu landi</li> </ul>	Hverfisvernd í Skútustaðahreppi tekur fyrst og fremst til náttúruvæðingarmála sem njóta eiga verndar skv. ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Benda má á að í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að landnýting og fjölbreytt landnotkun sé heimil innan hverfisverndarsvæða svo fremi sem ekki er gengið á þau náttúruvæðingarmála sem vernda á. Sveitarstjórn fellst ekki á að fella niður hverfisvernd í landi Reykjahlíðar, enda byggist hverfisvernd á svæðinu á lögmætum sjónarmiðum og er að mati

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kvaðir um að engin byggð verði vestan vegar í Reykjahlíð</li>   <li>• nýtingarhlutfall á „lóðum“, „spildum“ og „skikum“.</li>   <li>• fjöldi húsa á hverju lögbýli</li>   <li>• takmörkun á fjölda frístundahúsa á lögbýlum</li> </ul>	<p>sveitarfélagsins þörf á sérstakri vernd með hliðsjón af 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga.</p> <p>Í greinargerð er eftirfarandi markmið: <i>Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsabyrpingum sem þar eru fyrir.</i> Ákvæði um takmörkun á uppbyggingu vatnsmegin vegar byggist á almennum sjónarmiðum sem fram komu við samráð við íbúa og hagsmunaaðila í upphafi vinnu við aðalskipulagsgerðina og ákvæðum um verndarsvæði Mývatns og Laxár 2011-2016 sem var staðfest af umhverfisráðherra og tók gildi 14. maí 2011, sbr. 6. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.</p> <p>Ekki er ljóst hvað er átt við, þ.e. hvort nýtingarhlutfall sé of hátt eða of lágt. Í aðalskipulagi á að skilgreina þéttleika byggðar.</p> <p>Ákvæði í kafla 4.12.3 heimilar að reist verði allt að þremur íbúðarhúsum til viðbótar auk íbúðarhúsa sem fyrir eru í árslok 2011 á hverju lögbýli/bújörð án þess að breyta aðalskipulagi. Mögulegt er að byggja fleiri íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa að breyttu aðalskipulagi.</p> <p>Ákvæði í kafla 4.12.2 heimilar að reist verði allt að þremur frístundahúsum á hverju lögbýli/bújörð án þess að breyta aðalskipulagi. Ákvæði í aðalskipulagi gefa ákveðið svigrúm til framkvæmda. Stærri frístundabyggðir eru heimilar þar sem aðstæður leyfa að breyttu aðalskipulagi.</p> <p>Líta ber á ákvæði um frístunda- og íbúðarhús frekar sem svigrúm en takmörkun. Án skilgreinds svigrúms innan marka aðalskipulagsins yrðu allar nýbyggingar háðar breytingu á aðalskipulagi.</p>

	Umsagnaraðili/dags. athugasemda/efni athugasemda	Tillaga að bókun
	<ul style="list-style-type: none"> <li>landskipti, uppbygging slíkra landsvæða.</li> </ul>	Ekki er ljóst hvað átt er við.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>LR ehf. mótmælir að farið sé inn á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.</li> <li>Nái áform sveitarstjórnar fram að ganga eins og þau birtast í tillögum að aðalskipulagi er hér klárlega um hreina eignaupptöku að ræða.</li> <li>LR ehf. sættir sig engan veginn við þær skerðingar og kvaðir sem fram koma í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.</li> <li>LR ehf. mun fyrir hönd landeigenda Reykjahlíðar standa fast á og verja eignarréttinn með þeim ráðum sem tiltæk eru og áskilur sér allan rétt til bóta.</li> <li>Markmið LR ehf. er að land Reykjahlíðar nýtist eigendum þess á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við náttúru, sem og alla góða vætti.</li> </ul>	<p>Að mati sveitarfélagsins er með aðalskipulaginu ekki gengið lengra við skerðingu á eignarráðum en 72. gr. stjórnarskrárinnar heimilar. Viðurkennt hefur verið í réttarframkvæmd að unnt sé með skipulagslögum og skipulagi að setja eignarráðum almennar takmarkanir í því skyni að stuðla að þeim markmiðum sem skipulagslög stefna að (svo sem að stuðla að hagkvæmri nýtingu lands og gæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnotkun), án þess að bótaskylda stofnist.</p> <p>Áréttað er að aðalskipulagstillagan miðast við þann lagaramma sem settur er um landnotkun og landnýtingu, sbr. meginmarkmið skipulagslaga. Þá eru í aðalskipulagi skilgreindir nýtingarmöguleikar þar sem engir eru fyrir, þ.e. landið má að óbreyttu einungis nýta til ræktunar og beitar (landbúnaðarland) auk þess sem stór hluti þess er afréttur. Hafi landeigandi aðrar hugmyndir getur hann sett fram tillögur um breytt skipulag eða breytta stefnu og býr þannig, í samvinnu við sveitarstjórn, hugsanlega til nýjar heimildir til landnýtingar.</p> <p>Sveitarstjórn er sammála þeim markmiðum landeigenda Reykjahlíðar að landið nýtist þeim á sem hagstæðastan hátt í sátt við náttúruna og alla góða vætti.</p>

Eftir að athugasemdarfresti lauk barst bréf frá Náttúruverndarnefnd Þingeyinga dags 13. desember 2012.

Athugasemdin verður ekki færð til bókar þar sem hún barst eftir lok athugasemdarfrests.

Pétur Snæbjörnsson og Margrét Hólm Valsdóttir viku af fundi við afgreiðslu 4. liðar.

Fundi slitið